


Alþingi
Erindi nr. P 128/1409
komudagur 3.3.2003



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

**Nefndasvið Alþingis
heilbrigðis- og trygginganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

28. febrúar 2003
Skjalanúmer: 110-0
Tilvísun: U20030200007/kg

Frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 415. mál


Vísað er til erindis heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 29. janúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 415. mál. Hinn 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun við verkefnum og hlutverki Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra, hreindýraráðs og dýraverndarráðs. Umhverfisstofnun hefur m.a. það hlutverk að hafa yfirumsjón með heilbrigðisefirliti hér á landi, þ.m.t. eftirlit með útsölustöðum tóbaks í samræmi við 8. og 17. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Umhverfisstofnun gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Stofnunin telur þó ekki fyllilega ljóst í 3. gr. frumvarpsins hvaða „heilbrigðisyfirvöld“ er þar rætt um. Þetta hugtak er ekki skilgreint í lögum nr. 6/2002 né í frumvarpinu. Í 8. gr. laga nr. 6/2002 er almennt rætt um heilbrigðisnefnd sem yfirvald en stofnunin telur óljóst hvort þessi nýju ákvæði falli undir hefðbundið hlutverk þeirra.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem hefur orðið á umsögn stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigrúbjörg Gísladóttir
forstöðumaður